

## Stefnuyfirlýsing í eineltismálum

Starfsfólk Nesskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi er liðið í skólanum. Leitað er allra leiða til að fyrirbyggja einelti og áhersla lögð á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Nesskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af gildunum okkar: *viska, virðing og vináttu*. Stefnt að því að nemendur læri að setja sig í spor annarra, sýna umburðarlyndi og bera virðingu fyrir öðrum í anda uppbyggingarstefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar*.

## Skilgreining á einelti

Einelti verður þegar einstaklingur lendir reglubundið og yfir ákveðið tímabil í neikvæðu áreiti, andlegu/líkamlegu, eða útilokun af hendi einstaklings eða hóps.

Einelti nær stundum yfir langt tímabil og gerir líf þolandans mjög erfitt. Ójafnvægi er í styrkleika sambandi milli gerenda og þolenda. Sá sem verður fyrir eineltinu ver sig ekki alltaf sjálfur heldur lætur það yfir sig ganga. Einnig getur rafrænt einelti átt sér stað. Er þá verið að tala um þegar níðst er á viðkomandi með smáskilaboðum og á netinu t.d. á samskiptasíðum.

Einelti hefur margar birtingarmyndir en helstar eru þær:

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar eða skemmdarverk
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni
- Skriflegt: tölvuskeyti, sms–skilaboð, blogg síðuskrif, krot og bréfasendingar
- Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi
- Efnislegt: eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar
- Andlegt: þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algjörlega gegn réttlætiskennð þess og sjálfsvirðingu.

Mikilvægt er að hafa í huga að einstakur atburður telst ekki einelti. Einnig er mikilvægt að gera greinarmun á einelti og samskiptavanda. Samskiptavandi getur oft leitt af sér einelti og því mikilvægt að taka samskiptavanda föstum tókum.

# Verklag Nesskóla ef grunur vaknar um einelti

## Mál sett í vöktun

Umsjónarkennari fyllir út eyðublaðið „Grunur um einelti“ og afhendir náms- og starfsráðgjafa.

- Náms- og starfsráðgjafi setur af stað vöktun á meintum þolanda og eftir atvikum meintum geranda/endum hjá öllu starfsfólki skólans, með tölvupósti og í beinu samtali við þá starfsmenn sem að nemandanum koma.
- Vöktun stendur yfir í þrjár vikur, skemur ef grunur um einelti er staðfestur fyrir.
- Gæta þarf þess að nemandi sé sem minnst án eftirlits, sérstaklega í íþróttatímum, fataklefum, frímínútum o.s.frv.
- Umsjónakennari hringir í forsjáradila og lætur vita að vöktun hafi verið sett í gang (bæði þolandi og gerandi).
- Ef upp koma atvik sem gætu verið vísbending um einelti skal hvert atvik fyrir sig skráð á þar til gert atvikablað
- Haldinn er fundur í kjölfar vöktunar, þar sem fundargerð er rituð. Þar er farið yfir niðurstöður vöktunar, þau gögn sem aflað hefur verið og næstu skref í málinu ákveðin og úrbótaáætlun sett upp.

## Ef grunur um einelti er staðfest:

- Umsjónarkennari tekur viðtal við þolanda
- Umsjónarkennari í hverjum bekk tekur viðtal við geranda/endur
- Umsjónarkennari hefur samband við forsjáradila símleiðis til að upplýsa um stöðu mála.
- Umsjónarkennari óskar eftir aukinni gæslu fyrir þolanda og/eða geranda.
- Umsjónarkennari vinnur markvisst með samskipti í bekknum, fræðsla, hópefli, bekkjarfundir o.s.frv.
  - Einnig er aðgerðaáætlun\* gerð á þar til gert eyðublað sem gildir í 4 vikur.
- Áframhaldandi vöktun á bæði þolanda og geranda og atvikaskráning ef upp koma atvik!

## Ef einelti er enn til staðar 4 vikum eftir að einelti er staðfest

- Náms- og starfsráðgjafi kallar til formlegs viðtals / fundar með annarsvegar geranda og hinsvegar þolanda þar sem farið er yfir úrbótaáætlunina.

- Boðað er til formlegs viðtals þar sem viðstaddir eru skólastjóri, umsjónarkennari, nemandi og forsjáraðilar á.
- Farið yfir stöðu mála; hvað hefur verið rætt og gert og næstu skref ákveðin.

### Í framhaldinu ...

- Náms- og starfsráðgjafi tekur viðtal við þolanda til að veita stuðning og ráðgjöf
- Náms- og starfsráðgjafi tekur viðtal við geranda til að veita stuðning og ráðgjöf
- Kallað er eftir fagaðili til að vera með fræðslu eða koma að lausn mála allt eftir atvikum.
- Áframhaldandi vöktun á bæði þolanda og geranda og atvikaskráning ef upp koma atvik!

### \*Hvað getur aðgerðaáætlun falið í sér:

- Aukna gæslu sem miðar að því að stöðva einelti
- Viðtöl við foreldra viðkomandi nemenda
- Breytta sætisskipan í bekk
- Vinakerfi
- Umfjöllun í bekk um einelti og eineltisyfirlýsingu skólans
  - Skoða fræðsluefni sem hentar hverju sinni
- Aukna áherslu á samskiptabók
- Stuðning frá öðrum starfsmönnum
- Birtingu aðgerðaáætlunar, t.d. öllum foreldrum í bekknum
- Bekkjarfund með öllum foreldrum eða hluta þeirra
- Tímabundin aukin/hert viðurlög við einelti.

### Mikilvægt er að:

- Öll málsatvik, það er mat á aðstæðum og framvinda, skulu skráð í fundargerð og geymd hjá náms- og starfsráðgjafa.
- Fyllsta trúnaðar sé gætt við meðferð eineltismála
- Tveir aðilar taki viðtal við gerendur. Það undirstrikar alvöru málsins og kemur jafnframt í veg fyrir misskilning

- Umsjónarkennari og/eða námsráðgjafi hitti þolanda og geranda reglulega og upplýsa forsjáraðila um framvinduna.
- Byggja upp gott samstarf við forsjáraðila
- Í öllum tilvikum séu gefin skýr skilaboð um að einelti verði ekki liðið og að skólinn muni með öllum ráðum tryggja að einelti sem upp kemur ljúki strax.

## Hvað geta foreldrar gert?

### Er barnið lagt einelti – mögulegar vísbendingar:

- Barnið virðist einangrað eða einmana
- Einbeitingarörðugleikar, barnið hættir að sinna námi og einkunnir lækka
- Barnið neitar að fara í skólann eða hræðist að fara eitt í og úr skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið
- Barnið skrópar og/eða kemur of seint
- Breytingar á skapi, tíður grátur, viðkvæmni
- Árásargirni og erfið hegðun
- Lítið sjálfstraust, hræðsla, kvíði, svefntruflanir
- Breyttar matarvenjur, lystarleysi eða ofát
- Líkamlegar kvartanir
- Áverkar, rifin föt og/eða skemmdar eigur
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi og sund
- Barnið neitar að segja frá hvað amar að.

### Hvað getið foreldrar gert?

- Rætt við og hlustað á barnið segja frá starfinu í skólanum og ferðum til og frá skóla
- Haft samband við umsjónarkennara, námsráðgjafa, stjórnendur skólans og/eða forráðamenn gerenda
- Brugðist við vanda barnsins með þolinmæði og umhyggju
- Látið barnið finna að það á ekki sök á eineltinu.

### Er barnið ykkar gerandi – mögulegar vísbendingar?

- Barnið er árásargjarnt og sýnir yfiringang

- Barnið uppnefnir, stríðir og hótar
- Barnið stjórnar vinum og útilokar einhvern úr vinahópnum
- Barnið er ógnandi í samskiptum
- Barnið talar niðrandi um aðra.

### Hvað geta foreldrar gert?

- Gefið barninu skýr skilaboð um að einelti er alvarlegt mál og slík hegðun verði ekki liðin
- Fylgst vel með barninu og lagt ykkur fram um að kynnast vinum þess og hvernig það ver frítíma sínum
- Haft samband við skólann og fengið aðstoð við að bæta og breyta hegðun barnsins.

**Yfirfarin og uppfærð 01.03.2023**